

AUGLÝSING um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi sem hér segir:

Tengivegur á milli Þverholts og Leirvogstungu.

Um er að ræða tvíþætta breytingu á skipulagi. Annars vegar breytingu á legu og útfærslu tengibrautar milli Þverholts og Skeiðholts og hins vegar minnkun skipulagssvæðisins á milli Skólabrautar og Leirvogstungu.

Þverholt 25-27.

Breytingin tekur til lóðanna 25 og 27 við Þverholt. Breytingin felur í sér að byggingarreitur eru breikkaðir úr 12 m í 15 m og byggingarreitur bílakjallara stækkaðir lítillega. Að öðru leyti eru gildandi skipulagsskilmálar óbreyttir.

Álafossvegur 23.

Breytingin felst í því að byggingarreitur F6 hliðrast til suðausturs og stækkaðir úr 14,5 fm í 26,3 fm.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 26. apríl 2017,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. apríl 2017